

Umsóknarformið er 4 blaðsíður. Vinsamlegast lesið og svarið í þar til gerða reiti.

Vistið svo umsóknarblaðið og sendið á netfangið: starf@kfum.is Umsóknarfrestur er til 15. febrúar 2026.



Að starfa hjá KFUM og KFUK

KFUM og KFUK er kristilegt hugsjóna-, mannræktar- og æskulýðsstarf. Með því að starfa í sumarbúðum eða á öðrum vettvangi félagsins, er viðkomandi að taka þátt í félagsstarfi og leggja hugsjónastarfi lið með framlagi sínu. Því er mikilvægt að starfsmaður eigi samleið með þeirri hugsjón.

Félagið umbunar starfsfólki í skipulögðum dvalarflokkum sumarbúðanna, með launagreiðslum, sem reiknast pr. unninn dag. Umsækjanda er þó ljóst að sú umbun kann að vera lægri en samið hefur verið um í kjarasamningum á almennum vinnumarkaði, einkum ef tekið er tillit til vinnutíma. Hér er heldur ekki um að ræða hefðbundið samband vinnuveitanda og launaþega heldur félagsstarf, þar sem hluti af starfsskyldum felst í launalausni sjálfbóðaliðastarfi í kristilegu hugsjóna-, mannræktar- og æskulýðsstarfi.

Starf KFUM og KFUK er byggt á kristilegum grunni. Í 2. gr laga KFUM og KFUK á Íslandi sem segir:
Hugsjón alls félagsstarfsins er að vekja trú á Krist og kalla til þjónustu í ríki hans, efla trúarlíf og siðferðiskennd og hlúa að andlegri, líkamlegri og félagslegri velferð einstaklingsins
 Starfið fer fram í anda Jesú Krists og þar er hin gullna regla höfð að leiðarljósi:
 „Allt sem þér viljið, að aðrir menn gjöri yður, það skuluð þér og þeim gjöra.“ (Matt. 7:12)

Umsækjandi:

Nafn:

Kennitala:

Heimilisfang:

Póstnr.: Staður:

Netfang:

Fjölbreytt störf í boði

Við bjóðum upp á fjölbreytt og skemmtileg störf þar sem velferð barnanna er alltaf höfð að leiðarljósi.

Mismunandi störf eru í boði:

- **Forstaða:** Forstöðufólk eru yfirmenn sumarbúðanna í umboði stjórnar þeirra. Þau eru andlit staðarins og alltaf til taks ef eitthvað kemur upp á. Þau bera ábyrgð á daglegum rekstri sumarbúðanna og hafa yfirumsjón með öllu sem tengist börnunum, starfinu og starfsfólki. Forstöðufólk þarf að vera 25 ára eða eldra.
- **Foringi:** Foringjar eru börnunum innan handar yfir flokkinn og passa upp á velferð og líðan þeirra. Þeir halda dagskránni gangandi og sjá m.a. um útiveru, kvöldvökur, íþróttakeppnir, hugleiðingar, uppvask og allt þar á milli. Foringjar í sumarbúðunum hafa umsjón með sínu herbergi eða borði. Foringjar þurfa að vera orðnir 18 ára þegar starfið hefst.
- **Aðstoðarforingi:** Aðstoðarforingjar eru sjálfboðaliðar og sinna fjölbreyttum verkefnum. Starf þeirra er hugsað sem starfsnám til að starfa sem foringi í sumarbúðunum þegar þau hafa aldur til. Dæmi um þau verkefni sem aðstoðarforingjar taka þátt í: útivera, halda íþróttakeppnir, hjálpa við eldhúsvörk og uppvask, undirbúa kvöldvöku, dæma brennó-/knattspyrnuleiki. Miðað er við að aðstoðarforingjar hafi náð 15 ára aldri.
- **Matráður:** Matráður er yfirmaður eldhúss og ræstinga, þ.e. eldhússtarfsfólks og ræstis. Hann leiðbeinir þeim í sínum störfum og passar að reglum um hreinlæti séu ávallt fylgt. Matráður sér um daglegan rekstur eldhússins, setur upp matseðil fyrir flokkinn og passar að það sé nægilegt magn af mat á borðum. Í sumum tilfellum sér hann um innkaup fyrir sinn flokk. Matráður þarf að vera 25 ára eða eldri.
- **Eldhússtarfsmaður (Bakari):** Starfsfólk í eldhúsi vinnur undir stjórn matráðs og aðstoðar við alla matseld. Þau bera ábyrgð á sínum verkefnum yfir flokkinn, svo sem bakstri, þrifum, undirbúningi matartíma og frágangi. Eldhússtarfsmenn þurfa að vera orðnir 18 ára þegar starfið hefst.

Merktu við það starf og þann dvalarflokk, eða þá dvalarflokka sem þú óskar eftir að starfa:

	Forstaða	Foringi	Aðstoðar- foringi	Matráður	Bakari
11. – 14. júní / 1. flokkur 7 til 10 ára Leikjaflokkur	☐	☐	☐	☐	☐
15. – 21. júní / 2. flokkur 10 til 12 ára Ævintýraflokkur	☐	☐	☐	☐	☐
22. – 27. júní / 3. flokkur 10 til 13 ára Listaflokkur	☐	☐	☐	☐	☐
29. júní – 4. júlí / 4. flokkur 11 til 13 ára Ævintýraflokkur	☐	☐	☐	☐	☐
6. – 10. júlí / 5. flokkur 8 til 10 ára Leikjaflokkur	☐	☐	☐	☐	☐
13. – 19. júlí / 6. flokkur 14 til 16 ára Unglingaflokkur	☐	☐	☐	☐	☐
21. – 26. júlí / 7. flokkur 10 til 12 ára Ævintýraflokkur	☐	☐	☐	☐	☐
4. – 9. ágúst / 8. flokkur 11 til 13 ára Ævintýraflokkur	☐	☐	☐	☐	☐
10. – 14. ágúst / 9. flokkur 9 til 11 ára Listaflokkur	☐	☐	☐	☐	☐
15. – 19. ágúst / 10. flokkur 8 til 10 ára Leikjaflokkur	☐	☐	☐	☐	☐

Hæfniskröfur og námskeið

Öryggi og velferð barna er í forgrunni í öllu starfi KFUM og KFUK. Félagið uppfyllir þær gæða- og öryggiskröfur sem stjórnvöld og samfélagið gerir til æskulýðsstarfs, sumarbúða og til þeirra sem starfa með börnum og unglingum. Til að mæta þeim kröfum, auk þeirra sem félagið sjálft gerir til starfsemi sinnar, gerir félagið hæfniskröfur til starfsmanna sinna. Á það jafnt við hvort sem um fullt sjálfbóðastarf er að ræða, eða hvort viðkomandi þiggi umbun í formi launa að hluta eða öllu leyti.

Við förum fram á að starfsfólk KFUM og KFUK hafi sótt *Verndum þau* námskeiðið í barnavernd, námskeið í skyndihjálpi og brunavörnum, þekki siðareglur félagsins og tengi þær við starfið.

Til að hjálpa starfsfólki að standast þær kröfur stendur KFUM og KFUK fyrir námskeiðum í byrjun sumars sem er verðandi starfsfólki að kostnaðarlausu.

Starfsfólk og sjálfbóðaliðar í KFUM og KFUK sem náð hafa 15 ára aldri og starfa með börnum og ungmönnum þurfa að skila inn heimild til félagsins þess efnis að hægt sé að leita upplýsinga um viðkomandi í sakaskrá ríkisins. Ef viðkomandi er með brot skráð í sakaskrá ríkisins sem samræmist ekki æskulýðslögum (nr.70/2007) eða siðareglum félagsins getur viðkomandi ekki starfað á vettvangi KFUM og KFUK.

Kynntu þér siðareglur félagsins: <https://kfum.is/gaeda-og-sidamal/sidareglur-kfum-og-kfuk/>

Nánari upplýsingar um umsækjandann

Hefur þú áður starfað í sumarbúðum KFUM og KFUK?

Já Nei Ef já, hvar og hvenær?

Hefur þú sótt fræðslunámskeið á vegum KFUM og KFUK t.d. leiðtogaþjálfun, námskeið um barnavernd, siðareglur og/eða skyndihjálpi? Hefur þú sótt önnur sambærileg námskeið sem nýtast í starfi?

☐ Leiðtogaþjálfun KFUM og KFUK

Önnur námskeið:

☐ Verndum þau - námsk. um barnavernd

☐ Námskeið um siðareglur

☐ Skyndihjálpi- og brunavarnir

Hefur þú áhugamál eða býrð yfir hæfni eða reynslu sem nýtist getur í starfinu (t.d. spilar á hljóðfæri, hefur bakgrunn í íþróttum, leiklist, félagslífi í skóla, björgunarsveit o.þ.h.)

Ertu tilbúin(n) að sækja námskeið sem félagið býður upp á til að öðlast aukna færni og þekkingu og uppfylla þannig þær kröfur KFUM og KFUK gerir til starfsfólks síns.

Já Nei

Þátttakendum á 18. aldursári (og eldri) er boðið að gerast fullgildir félagar í KFUM og KFUK. Ertu skráður félagi í KFUM og KFUK á Íslandi?

Já Nei ☐ Nei, ekki orðin(n) 18 ára

Ertu tilbúin(n) að starfa í samræmi við kristilegrar hugsjónir KFUM og KFUK og þær siðareglur sem starfið tekur mið af.

Já Nei

Hefur þú tekið þátt í kristilegu starfi, t.d. leiðtogi á vegum KFUM og KFUK, safnaða Þjóðkirkjunnar eða annarra?
Sækir þú reglulega guðsþjónustur eða kristilegar samverur?

Já

Nei

Ef já, hvað og hvar?

Upplýsingar um nám og fyrri störf:

Hvers vegna sækir þú um þetta starf?

Sérstök áhugamál þín:

Annað sem umsækjandi vill koma á framfæri:

Meðmælendur:

Nafn:

Nafn:

Sími:

Sími:

Tengsl við

meðmælanda:

Tengsl við

meðmælanda:

Ef þú vilt koma fleiru á framfæri en þetta umsóknarform gefur rými til, er þér velkomið að útbúa kynningarbréf og senda inn með umsókninni.

Takk fyrir að sýna starfi KFUM og KFUK þann áhuga að sækja um starf hjá félaginu.